

Stjórnarfundur FEB nr. 506 þriðjudaginn 3. des. kl. 16:00

í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Stefanía Valgeirsdóttir, Kristinn Eiríksson og Jón Magnússon, varamaður.

Fjarverandi: Árni Gunnarsson, Ragnar Árnason og Bessí Jóhannsdóttir, varamaður.

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá:

- **Fundargerðir nr. 504 og 505 afgreiddar og undirritaðar**
- **Leigufélag aldraðra, staðan**

Þau Ástrún Björk Ágústsdóttir og Kristinn Eiríksson, sem bæði eru í stjórn FEB og stjórn Leigufélags aldraðra (LA), upplýstur fundarmenn um stöðu mála hjá LA.
- **Kvörtun FEB til Innviðaráðuneytisins**

Þann 12. nóv. sendi lögmaður FEB inn kvörtun f.h. stjórnar FEB til Innviðaráðuneytisins vegna einhliða fækkunar fulltrúa FEB í öldungaráði Reykjavíkurborgar úr þremur í einn. Engin viðbrögð hafa borist frá ráðuneytinu og spurning er hvort stjórnin eigi ekki að kalla eftir fundi. Stjórnarformaður FEB upplýsti að hann hefði verið á fundi með Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar í síðustu viku, þar sem þetta málefni bar á góma og framhaldinu var ákveðið að Mannréttindaráð tæki þetta málefni fyrir á næsta fundi sínum sem halda á þann 12. des. n.k. Stjórn FEB ákvað að aðhafst ekkert meira í málinu fyrr en að niðurstaða þess fundar liggur fyrir.
- **Félagstíðindi FEB**

Ritnefnd FEB mun funda í fyrsta sinn vegna Félagstíðinda 2025, þann 10. des. n.k. en áætlað er að gefa blaðið út í byrjun mars 2025. Rætt var hvort tími væri komin til að hætta útgáfu blaðsins á pappírformi, en þar sem enn er mikil eftirspurn eftir blaðinu á þessu formi var ákveðið gera það ekki. Stjórnarmenn voru hvattir til að huga að efni í blaðið.
- **Aðalfundur FEB árið 2025**

Ákveða var að aðalfundur FEB 2024 yrði haldinn fimmtudaginn 27. feb. 2025 kl. 14:00. Einnig var ákveðið að óska eftir því við þá einstaklinga sem sátu í síðustu uppstillingarnefnd að sitja þar aftur fyrir árið 2025
- **Fréttir af starfsemi FEB**

Framkvæmdastjóri FEB fór yfir starfsemi félagsins á haustönn 2024. Langflest námskeiðin voru yfirfull og færri komust að en vildu. Um 600 manns fara í gegnum hús FEB á viku hverri þegar mest er, að sækja námskeið, klúbba og viðburði á vegum félagsins. Síðustu FEB-ferðir ársins voru farnar nú um síðustu mánaðarmót og er ferðaáætlun næsta árs í fullum undirbúningi. Fyrir utan reglulega starfsemi voru haldnir þrjú einstakir viðburðir á þessu tímabili og voru t.d. ca. 110 manns sem sóttu bæði Sviðaveislu FEB og fræðslufund um lífeyrismál, þar sem Björn Berg var með framsögu.
- **Önnur mál**

Engin

Fundi slitið kl. 17:30

Fundargerð ritaði Dýrleif Guðjónsdóttir í fjarveru ritara stjórnar.


Guðrún Ósk Jakobsdóttir
Stefanía Valgeirsdóttir